



35. fundur stjórnar LH 2024-2026

13. apríl 2025 kl. 19:30

Fjarfundur

**Mætt úr aðalstjórn:** Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

**Mætt úr varastjórn:** Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson,

**Forföll boðuðu:** Reynir Atli Jónsson, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

**Fjarverandi:** Jón Þorberg Steindórsson

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar
2. Greinargerð LH í máli 2/2026 fyrir dómstóli ÍSÍ – samþykkt milli funda/til bókar  
Dómstóli ÍSÍ barst kæra frá Sigurbirni Bárðarsyni, dags. 13. mars 2026, við þá ákvörðun Landsþings 2018 að skráning á Íslandsmetum skuli framkvæmd eins og FEIF skráir heimsmet, þ.e. eldri met sem sett voru með handklukkumælingum verði ekki skráð sem gild Íslandsmet en birt samhliða metum sett með rafrænni tímatöku.  
Í dómkröfu segir „Þess er krafist að viðurkennt verði Íslandsmet kæranda og hestsins Óðins í 250m skeiði frá árinu 2003 sem gildandi Íslandsmet og kærða verði gert að skrá það með þeim hætti.“  
Greinargerð LH var send til dómstólsins 25. mars.
3. Reglur LH uppfærðar eftir breytingar á aðalfundi FEIF – samþykkt milli funda/til bókar  
Almennar reglur um keppni og reglur um íþróttakeppni uppfærðar skv. breytingum á aðalfundi FEIF.  
Á aðalfundi FEIF voru einnig samþykktar nýjar reglur um spjaldanotkun og agaviðurlög sem eru færðar inn kafla 4 í Reglugerð um mótahald á Íslandi, „Reglugerð um úrskurðarnefndir, spjaldanotkun og agaviðurlög“. Til hagræðingar fyrir notendur eru sú reglugerð nú birt á vef LH í sérstöku skjali.  
  
Einnig var gerð leiðrétting á mistökum sem urðu við heildarendurskoðun laga og reglna LH sem samþykkt var á Landsþingi 2022 en þar hafði fallið út setningin „Sami knapi má ekki hefja keppni í bæði C, B eða A úrslitum í sömu grein með sitthvorn hestinn.“  
Setningin er færð inn í reglugerð um mótahald á Íslandi, ný grein 5.8 Þátttaka í úrslitum
4. Verkefni síðustu vikna frá framkvæmdastjóra og formanni
  - a. Menntanefnd LH er að undirbúa Menntaráðstefnu LH. Skráning á menntaráðstefnuna LH og FEIF í september fer vel af stað og um 50 manns nú þegar skráðir. Dagskráin er að mótast.
  - b. Æskulýðsnefnd hefur auglýst eftir umsóknum um þátttöku í FEIF youth cup. 9 umsóknir bárust, tekin hafa verið viðtöl við alla umsækjendur og 7 þeirra valdir til fararinnar.
  - c. Reiðveganefnd hélt sinn úthlutunarfund 21. mars þar sem reiðvegafé ársins var skipt milli landshluta.



d. Ýmis erindi sem koma á borð formanns og framkvæmdastjóra er varða skipulagsmál, til dæmis hefur Fákur óskað eftir liðsinni LH í baráttu sinni gegn ólöglegri búsetu í hesthúsahverfi í Almannadal.

5. Allra sterkustu

- a. Farið yfir bráðabirgðauppgjör Allra sterkustu, vel tókst til með fjáröflun, folatollarnir seldust upp og mikil sala var í happdrætti og veitingum.
- b. Góður rómur gerður af sýningunni, atriðin voru fjölbreytt og skemmtileg, húsið glæsilegt og vel lukkuð sýning, aðsókn gesta var frábær. Stjórnarfolk LH og landliðsnefnd fjölmennti til vinnu við viðburðinn og er það afar mikilvægt að fara á undan með góðu fordæmi og leggja sitt að mörkum.

6. Horse Day og Sportfengur

Undirrituð var viljayfirlýsing fyrir jóla um að ganga til samninga við Horseday um þróun á nýju mótakerfi. Tölvunefnd fjallaði um málið á fundi fyrr í dag. HD mun þróa og hanna nýtt mótakerfi með aðkomu LH, Sportfengur verður aflagður með nýju kerfi. Samstarfið við HD hefur gengið vel. Komin er mikil og góð reynsla á Horseday appið sem leysti LHKappa af hólmi.

Komin eru drög að samningi sem mun gilda út þetta ár, en framlengist 1. janúar um fimm ár, ef vel tekst til með þróun kerfisins. Samningur verður lagður fyrir stjórn á næstunni.

Mikil vinna er framundan hjá LH að prufa kerfið. Lagt er til að LH leggi til 4-500þús til að greiða fyrir þá tímafreku vinnu.

*Afgreiðsla: Samþykkt að ráðstafa allt að 500þús kr. til að prufa kerfið.*

7. Umsóknir vegna starfs á skrifstofu

Auglýst var eftir starfsmanni á skrifstofu. Átta umsóknir bárust. Stefnt er á að boða umsækjendur í viðtöl í vikunni.

8. Undirbúningur fyrir Landsþing 2026

Laganefnd er að vinna að breytingartillögum við lög LH sem lagt verður fyrir stjórn á næstunni.

9. Stefnumótun LH

Farið yfir lokaskjal stefnumótunarvinnu LH, gerðar athugasemdir við orðalag, lokaútgáfa skjalsins senda á stjórn í vikunni til samþykktar.

10. Önnur mál



- a. Umræða varð um verkfæri dómara á mótum, að gera þurfi kröfur til þeirra um að þeir mæti með eigin spjaldtölvur. Mikill kostnaður er fyrir hestamannafélög að eiga og halda við spjaldtölvum. Linda tekur upp í dómaranefnd.
- b. Æskan og hesturinn, samstarfsverkefni hestamannafélaga á höfuðborgarsvæðinu, verður haldið 25. apríl.

Fundi slitið kl. 21:45